

Fundargerð foreldrafélags Kársnesskóla 06.09.2016

Mætt voru: Hildur, Fanney, Þröstur, Sigríður Þrúður, Sverrir, Stéphane. Brynhildur kom sem séstakur gestur.

Settur var upp póstlisti fyrir stjórnina fyrir fundarboð þar sem Oddur er ekki á facebook

Oddur var óvart ekki boðaður á fund þar sem fundarboðið var bara á Facebook, því var stofnaður póstþráður til að koma að stað fundarboðum. Hér er netfangalistinn:

Sigríður Þrúður, Þröstur og Hildur eru búin að hitta Björgu, hún vill koma á fund með foreldrafélaginu um að gera að koma því á.

Námskynningar eru hafnar - Þurfum að byrja að elta bekkjarfulltrúa, Best er að halda utan um þá alla á einum stað.

Tala við Björgu og fá aðstoð frá henni við að safna saman bekkjarfulltrúum, boða Björgu til okkar í næstu viku og fara svo að pressa á foreldra. Stjórnarmenn skiptu á milli sín mætingum á námskynningar.

Málefni næstu vikna

- Bekkjarfulltrúar og mönnum þeirra
- Upplýsingar um jólafröndrið og auglýsa eftir fólki í það - Kannski eitthvað nýtt og ferskt. Jólasöngur í ævintýraskógi í staðinn?
- Skráningar í Mentor, þarf að senda leiðbeiningar á foreldra
- Námskeið fyrir bekkjarfulltrúa.
- Foreldrarölt

Þröstur tók að sér að tala við Heimili og Skóla og fá tíma fyrir námskeið í byrjun október (helst fjórða) og býr til leiðbeiningar til að senda á foreldra til að breyta persónuupplýsingum í Mentor sem hægt er að fá ritara til að senda út

Þröstur teiknar upp dagskrá fyrir foreldraröltið fyrir næstu viku

Fanney fer í banka og greiðsluseöla.

Hildur sendir póst á Björgu og biður um námskynningarlistann.

Blessað ljóttahúsið. Sigga ætlar að gá hvort við getum fengið úthlutað tímum aftur.

Rætt um breytingar og uppstökkun á bekkum og hvort það að hafa breytingarnar sem fastan viðburð hafi skilað árangri

Fleira ekki rætt, fundi slitið